



BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 199

Eyjólfur Eiríksson

kaupmaður og veggfóðrari

(1874-1941)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 199

Eyjólfur Eiríksson

kaupmaður og veggfóðrari

Eyjólfur Eiríksson fæddist 7. apríl 1874 í Minni Vök, Landmannahreppi, Rangárvallasýslu, og lést 26. mars 1941.

Móðir hans var Ingveldur Eiríksdóttir, f. 14. júlí 1842; var hann einn níu systkina. Fyrri kona Eyjólfss var Helga Guðrún Eyvindsdóttir, f. 17. ágúst 1851 á Kirkjubóli, Miðneshreppi, Gullbringusýslu, d. 8. janúar 1923; fyrri maður hennar var Hákon Eyjólfsson frá Stafnesi í Miðneshreppi, Gull.

Börn Helgu Guðrúnar og stjúpborn Eyjólfss voru Vilhjálmur Chr. og Dagbjörg Hákonarbörn; eiginmaður Dagbjargar var Georg Rasmussen vélstjóri.

Seinni kona Eyjólfss var Ólína Jónsdóttir, f. 29. maí 1891, á Mosfellsstöðum í Skorradal, Borgarfjarðarsýslu, látin 5. júní 1970. Dætur þeirra eru Margrét Guðrún, f. 1. nóv. 1922 og Oddný, f. 2. febrúar 1927.

Eyjólfur bjó ásamt fjölskyldu sinni í Hafnarstræti 16 í Reykjavík og var kaupmaður og húsgagnasmiður, en stundaði jafnframt veggfóðrun.

Áslaug Sverrisdóttir, starfsmaður munadeildar Árbæjarsafns, afhenti þann 7. febr. 2001 safninu skjöl þessi og ljósmyndir úr búi Eyjólfss Eiríkssonar.

Skjalaskrá

Askja 1

Bréf: Bréf til Möggu, frá Þorbjörgu Joan Sigurjónsson, Tobbý, Calgary, Kanada, 1942, 1947. Letur orðið dauft; ljósrit tekið af þremur bréfum, eitt bréfanna í umslagi merktu Margréti Eyjólfsdóttur; bréf til Rasmussen.

Fæðingarvottorð, 1891.

Skírteini um fullnaðarpróf, 1933.

Skírteini um vorpróf úr kvöldskóla K.F.U.M., 1933.

Til minnis um aldur móður og barna, 1919.

Fjármál af ýmsum toga.

Arfleiðsluskrá, 1911.

Yfirlit eigna búsins sem koma til skipta.

Skiptafundur erfingja, 1923.

Leigumáli, 1932.

Byggingarbréf, 1890.

Uppboðsbréf, uppboð m.a. á sjóhatti og leðurbrók, 1910.

Útskrift úr Manntalsbókum fyrir Reykjavík 1881-1908. Íbúar á Hótel Alexandra við Hafnarstræti í Reykjavík.

Félagatal stúkunnar Hallveig Nr. 3 á Íslandi, I.O.O.F., janúar 1926.

Happdrættismiði, 1946.

Heillaóskaskeyti.

Ljóð.

Askja 2

Í vindlakassa:

Nafnspjald: Svend Aage Rasmussen, Hagens Allé 59, Hellerup.

Ljósmyndir: Fjölskyldumyndir; systkinamyndir, barnamyndir, ca 1890 – 1960.

Ljósmyndir, m.a. af gæslumönnum unglingastúkunnar Æskunnar – Nr. 1,

1886-1926, námskeiði á Hvanneyri 1912, kvöldskóla K.F.U.M. 1932-1933, hermanni (dönskum?), ungum skáta, tveimur mönnum í útlöndum, barni með húfu, konu með tveimur börnum, telpu, aftan á henni stendur: Mette 31/2 Aar, þremur uppvartningastúlkum með svuntur og kaffikönnu, konu við splunkunýja eldamaskínu, ca 1950, tveimur telpum, mynd af foreldrum með tvö börn sín, ca 1945; Hvanneyri ?, bekkjarmyndir?,

Mannamyndir á þykkum pappír (visit-kort), passamyndir innan í pappírsrenningi, filma, umslag með ljósmyndum úr ferðalagi. *Voru í óhreinu og rífnu umslagi. Ljósrit tekin af myndunum og geymd með.*

Filmur og ljósmyndir og félagsskírteini í Starfsmannafélagi ríkisstofnana , 1949,

í umslagi merktu: Margrét Eyjólfsdóttir.

Filmur og ljósmyndir, í umslagi merktu: Margrét Eyjólfsdóttir.

Jólaort með ljósmynd af barni.

Póstkort: Hvanneyri 1912.

Póstkort: Kristus og Børnene.

Merkispjöld á jólapakka, óárituð, tvö.

Askja 3

Melodier til Psalmebog for Kirke og Hjem, udgivne ved V. Bielefeldt, ottende oplag, 1901, Wilhelm Hansen Edition No. 785.

Sonaten für Pianoforte solo von L. van Beethoven, herausgegeben von Louis Köhler und Adolf Ruthardt. Neu rev. Ausgabe. Leipzig, s.a. Á kápu: Musik.

Skráð: Ragnhildur Bragadóttir